

Reglur

fyrir gesti á lestrarsal Þjóðskjalasafns Íslands

Koma á lestrarsal

1. Við komu á lestrarsal skulu gestir skrá sig í gestabók.
2. **Yfirhafnir skal geyma í fatahengi.**
3. **Óheimilt er að fara með töskur, poka og bækur** inn í lestrarsalinn. Slíkt skal geyma í læstum skápum. Óheimilt er að helga sér skápa.
4. **Aðeins má fara með pappír, blýanta og fartölvur** (án tösku) inn í lestrarsal.

Meðan verið er á lestrarsal

5. Pantanir skulu vera skriflegar á sérstökum eyðublöðum og samkvæmt skráum safnsins sem eru á salnum og að hluta til á vef safnsins. Einnig er hægt að senda pöntun með tölvupósti á upplýsingar@skjalasafn.is.
6. Aðeins má hafa 5 bækur eða öskjur til afnota í einu. Einungis ein askja má vera opin í einu til þess að hvorki innihald né lok ruglist. Halda skal innihaldi askja og röð skjala óbreyttri.
7. Aðgangur að skjölum getur verið takmarkaður lögum samkvæmt.
8. Pantanir á skjölum eru afgreiddar tvisvar sinnum á dag, milli 10:30 og 11:00 og 14:00 og 15:00. Stundum verður að gera ráð fyrir lengri fresti.
9. Öllum gögnum skal að notkun lokinni skila á sérmerkt borð.
10. Ekki má trufla aðra gesti með samtölum eða öðrum hávaða.
11. Óheimilt er að tala í síma á lestrarsal.
12. Matvæli og drykkjarföng eru óheimil á lestrarsal. Gestir hafa hins vegar aðgang að kaffistofu.

Meðferð skjala á lestarsal

13. Gæta skal fyllstu varkárni í meðferð skjala:
 - 13.1 Aðeins má nota blýanta, ekki penna.
 - 13.2 Ekki má skrifa í skjöl eða merkja við þau, t.d. með límmiðum.
 - 13.3 Ekki má beygla skjöl eða brjóta á hrygg.
 - 13.4 Ekki má nota skjöl sem undirlag eða stafla opnum bókum hverri ofan á aðra.
 - 13.5 Ekki má láta bækur hvíla á borðbrún eða í kjöltu sér.
 - 13.6 Tilkynnið salarverði um skemmd skjöl eða ef röð skjala virðist röng.
14. Heimilt er að ljósmynda skjöl með eigin myndavél án leifturljóss. Sjá afritunarreglur Þjóðskjalasafns.
15. Brot á reglum þessum getur varðað banni við aðgangi að lestrarsal.